



Minning

Gísli Sigurðsson f. 16. 11. 1935 d. 29.11.2023

Lionsklúbburinn Múli á Fljótsdalshéraði var stofnaður árið 1970 og síðasti starfandi stofnfélagi hans hefur kvatt okkur eftir langan og farsælan æviferil.

Gísli var meðal þeirra sem fram ganga í hógværð en alltaf mátti reiða sig á þegar á þurfti að halda. Harðfylgi hans sem línuverkstjóra hjá Rarik var við brugðið – hvort sem berjast þurfti í óblíðum veðrum við brotna staura og slitna víra eða klifra í staurum með allt á herðunum sem festa þurfti upp þegar nýjar raflínur voru lagðar áður en vélknúin tæki tóku slíkt erfiði af mönnum.

Gísli gegndi öllum embættum hjá Lionsklúbbnum Múla á sinni löngu veru í klúbbnum af trúmannsku og lipurð og hlaut fyrir það margar viðurkenningar, meðal annars hinn virðulega Melvin Jones skjöld. Hann var þó ekki maður sem vann verk sín í von um heiður og vegtyllur. Af störfum hans fyrir klúbbinn er sérstaklega minnisstæð langvarandi umhyggja hans fyrir trjáreit klúbbsins og hvernig verklagni hans og verksvit skiluðu góðum árangri í margvíslegum aðstæðum. Útfararbifreið klúbbsins ók hann einnig lengi í sjálfbóðastarfi eins og í annarri þjónustu á vegum klúbbsins. Einnig var Gísli betri en enginn þegar huga þurfti að því að koma fyrir ljósakrossunum í kirkjugörðunum með þekkingu sína á rafmagni og öllu því tengdu.

Góður félagi er kvaddur með söknuði en jafnframt þakklæti fyrir margvíslega þjónustu sína.

Samúðarkveðju sendum við klúbbfélagar eftirlifandi eiginkonu, Heiðu Elínu Aðalsteinsdóttur, börnum þeirra og öðrum ástvinum.

F.h. Lionsklúbbsins Múla.

Vigfús Ingvar Ingvarsson